

## 5. fundur stjórnar AP, starfsárið 2017-2018

haldinn á skrifstofu Skútustaðahrepps fimmtudaginn 25. janúar 2018 kl. 10:20.

Mætt: Aðalsteinn Á Baldursson, Arnar Guðmundsson, Guðmundur Vilhjálmsson, Elías Pétursson ( á Skype), og Sif Jóhannesdóttir. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

### Á fundi gerðist þetta:

Formaður, Sif Jóhannesdóttir, setti fund og stjórnaði honum.

### 1. Samtal við fulltrúa Skútustaðahrepps

Á fundinn mættu fulltrúar Skútustaðahrepps, Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri, Sigurður Böðvarsson varaoddviti og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir sveitarstjórnarfulltrúi. Rætt var um stöðu og þróun mála í sveitarfélaginu og víða komið við. Heilt yfir er mikill vöxtur í samfélaginu sem felur í sér áskoranir, bæði varðandi stefnumótun til framtíðar en einnig þjónustu dagsins í dag.

Í umræðum komu eftirfarandi atriði meðal annars fram:

- Íbúum sveitarfélagsins hefur fjölgað um 32% á síðustu fjórum árum. Megin skýringin liggur í því að ferðaþjónustan er að þróast í að verða heilsársstarfsemi, m.a. með uppbyggingu tveggja nýrra hótela. Einnig er ungt fólk með rætur í sveitinni að snúa til baka og finna sér atvinnu við hæfi.
- Mikil eftirspurn er eftir leikskólaplássi og eru nálega jafn mörg börn í leikskólanum og í grunnskólanum.
- Unnin hefur verið húsnæðisáætlun út frá þeirri stöðu og þróun sem við blasir.
- Unnið er að stefnumótun í ferðaþjónustu sem mun m.a. endurspeglast í aðalskipulagi sveitarfélagsins með tilliti til landnotkunar, fjölda gistirýma (hótela) og fl.
- Unnið er að nýrri lausn í fráveitumálum þar sem gert er ráð fyrir að flytja lífræn efni (svartvatn) á Hólasand til uppgræðslu. Góð samstaða hefur verið meðal rekstraradila og sveitarfélagsins sem nú er m.a. að skila þessum árangri.
- Framundan er mikil uppbygging hjá Jarðböðunum og áætlað að hefja framkvæmdir við endurnýjun baðstaðarins 2019-2020. Fyrirtækið er einnig að byggja upp íbúðarhúsnæði fyrir starfmenn og þá eru fjögur hús á vegum einstaklinga í byggingu.
- Urtusteinn eignahaldsfélag Samkaupa hefur boðað til samráðsfundar vegna uppbyggingar á þjónustusvæðinu en unnið er að stefnumótun og deiliskipulagsgerð þess.
- Rætt um mögulegar lausnir í húsnæðismálum, s.s. sjálfseignarhúsnæðisfélög og mögulegt samstarf sveitarfélaganna á svæðinu í þeim málum. Einnig hvort nýta mætti það form til að styðja við íbúðarbyggingar í dreifbýli. Fram kom að miðað við núverandi markaðsverð og byggingarkostnað þyrfti niðurgreiðsla í kerfinu að vera talsvert hærri en gildandi lög gera ráð fyrir. Þrýsta þyrfti á ríkisvaldið um lausn á málinu þannig að úrræðið geti nýst fyrir utan helstu þéttbýlissvæði landsins.

- Rætt um samtengingu ráðningarsambands og leiguhúsnæðis í eigu vinnuveitenda en margir þeirra hafa séð sig knúna til að útvega starfsmönnum sínum húsnæði til að fá þá til starfa. Segja má að þetta fyrirkomulag komi því ekki til af góðu enda hefur það augljósa vankanta í för með sér varðandi hreyfanleika á vinnumarkaðnum á svæðinu.
- Rætt um hlutverk sveitarfélaga í sveiflujöfnun efnahagslífsins en ljóst er að þau eiga mjög erfitt með hana þar sem krafan um uppbyggingu innviða og þjónustu fylgir efnahagsveiflunni.
- Sagt frá undirbúningi fjölpjódlegs rannsóknarverkefnis á sviði eldfjallafræða – Krafla Magma Testbed – sem m.a. gæti falið í sér talsverða uppbyggingu á rannsóknaraðstöðu og tilheyrandi starfsemi á svæðinu.

## 2. Nýr samningur við Byggðastofnun – helstu breytingar

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu breytingar frá eldri samningi en skrifað var undir nýja samninga atvinnuþróunarteytinganna og Byggðastofnunar fyrir í vikunni.

Samningurinn lagður fram en stjórn samþykkti hann efnislega á síðasta fundi.

## 3. Samstarf við Norðurþing um nýtt starf á austursvæði

Fyrir liggur efnislegt samkomulag við Norðurþing um að sveitarfélagið fjármagni starfði til helminga á móti félaginu og leggi til skrifstofuaðstöðu í stjórnarsýsluhúsinu á Raufarhöfn. Farið yfir starfslýsingu sem unnin hefur verið í samstarfi við sveitarfélagið þar sem starfssvæði starfsins er skilgreint þannig að það náu austur til Bakkafjarðar. Í því ljósi er nauðsynlegt að skilgreind verði föst viðvera í Langanesbyggð.

Stjórnin fagnar því að af þessu samstarfi geti orðið og staðfestir áður teknar ákvarðanir á símafundi um að ráða starfsmann í fullt starf á grundvelli ofangreinds samkomulags við Norðurþing.

## 4. Kröfur Brúar lífeyrissjóðs

Fyrir liggja kröfur frá Brú lífeyrissjóði vegna hlutdeildar félagsins í uppgjöri á skuldbindingum sjóðsins. Um er að ræða kröfur sem leiða af lögum nr. 127/2016 um breytingu á lögum nr. 1/1997 varðandi lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, þ.m.t. starfsmanna sveitarfélaga.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að hann hefði fengið Mandat lögmannsstofu til að kanna lögmæti krafanna, en stofan hefur fjallað um sambærileg mál. Jafnframt hefur hann óskað eftir reikningslegum forsendum krafanna, þ.e. til hvaða launþega og tímabils sú réttindaávinnsla tekur sem mynda grundvöll kröfunnar.

Stjórnin fellst ekki á fram komna kröfu Brúar lífeyrissjóðs og felur formanni og framkvæmdastjóra að afla frekari upplýsinga og leggja fyrir stjórn.

## 5. Staða mála hjá Aurora Observatory

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að fyrir lægi staðfesting frá hinum kínversku samstarfsaðilum á fjárheimildum á þessu ári til að ljúka fyrirhuguðum framkvæmdum við uppbyggingu norðurljósarannsóknarstöðvarinnar á Kárhóli. Einnig liggur fyrir heimild íslenskra stjórnvalda til gerðar langtímaleigusamnings um afnot aðstöðunnar.

## 6. Önnur mál

- a) Guðmundur Vilhjálmsson vakti athygli á stöðu almenningsamgangna á svæðinu og hvort ekki væri rétt að félagið stæði fyrir þjónustukönnun á því sviði. Í umræðum kom fram að málin eru á könnu Eyþings og staða þeirra vægast sagt erfið. Ef félagið hygðist beita sér í málinu væri nauðsynlegt að gera það í samstarfi við þa' aðila sem með það fara, Eyþing og viðkomandi sveitarfélög.
- b) Farið yfir nauðsynlegar breytingar á fundaplani og framkvæmdastjóra falið að endurskoða það og senda stjórnarmönnum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:30